

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 438/2013

2014/EES/4/20

frá 13. maí 2013

um breytingu og leiðréttingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun tiltekinna matvælaaukefna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum⁽²⁾, annað hvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Skrá Sambandsins yfir matvælaaukefni var tekin saman á grundvelli matvælaaukefna sem voru leyfð til notkunar í matvæli í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/35/EB frá 30. júní 1994 um sätuefni til notkunar í matvælum⁽³⁾, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/36/EB frá 30. júní 1994 um litarefni til notkunar í matvælum⁽⁴⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/2/EB frá 20. febrúar 1995 um aukefni í matvælum önnur en litarefni og sätuefni⁽⁵⁾, að lokinni yfirferð á því hvort þau samræmdust 6., 7. og 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008. Í skrá Sambandsins, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, eru matvælaaukefni skráð á grundvelli þeirra matvælaaflokka sem bæta má þeim í.
- 4) Vegna erfiðleika sem upp hafa komið við flutning matvælaaukefna í nýja flokkunarkerfið, sem kveðið er

á um í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, hafa slæðst inn tilteknar villur sem þarf að leiðrétta. Einkum skal takmarka notkun á þráavarnarefnum á skráld, skorin og rifin aldin og grænmeti eingöngu við aldin og grænmeti sem eru forþökkuð, kæld, óunnin og tilbúin til neyslu. Notkun á sorbínsýru — sorbötum, bensósýru — bensóötum; p-hýdroxýbensóötum (E 200–219) skal áfram leyfð í hitameðhöndlaðar kjötafurðir og notkun á natamýsini (E 235) skal áfram leyfð í hitameðhöndlaðar, þurrkaðar, verkaðar pylsur. Innleiða skal hámarksgildi fyrir notkun á kúrkúminí (E 100) í unninn fisk og lagarafurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr, sem samsvara gildunum sem tilgreind eru í tilskipun 94/36/EB. Breyta skal hámarksgildum fyrir notkun á kísildíoxíði — sílikötum (E 551–559) í „eftir þörfum“ eins og tilgreint er í tilskipun 95/2/EB og fyrir notkun á kísildíoxíði — sílikötum (E 551–553) eins og tilgreint er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 380/2012 frá 3. maí 2012 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar skilyrði fyrir notkun matvælaaukefna sem innihalda ál og magnið sem er heimilt að nota⁽⁶⁾.

- 5) Nánari útlistana er þörf að því er varðar notkun matvælaaukefna í tilteknum matvælaflokkum. Í matvælaflokki 13.1.4, „Önnur matvæli fyrir smábörn“, skal setja skilyrði fyrir notkun matvælaaukefnanna E 332, „kalíumsítröt“, og E 338, „fosfórsýra“. Í matvælaflokki 14.2.6, „Brenndir drykkir eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 110/2008“, skal ekki leyfa notkun matvælaaukefna í *Geist*, eins og skilgreint er í 17. lið II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89⁽⁷⁾. Endurinnleiða skal notkun á matvælaaukefnum kínólíngulu (E 104), sólsetursgulu FCF/appelsínugulu S (E110) og ponceau 4R, kókínírauðu A (E124) í tiltekna, brennda drykkji þar eð sú notkun er ekki öryggisvandi að því er varðar börn. Gera skal skýrari grein fyrir því að nota má karamellubróna liti (E 150a–d) í allar vörur í matvælaflokknum 14.2.7.1 „Kryddvín“.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 129, 14.5.2013, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 222/2013 frá 13. desember 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(¹) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

(²) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

(³) Stjtið. EB L 237, 10.9.1994, bls. 3.

(⁴) Stjtið. EB L 237, 10.9.1994, bls. 13.

(⁵) Stjtið. EB L 61, 18.3.1995, bls. 1.

- 6) Því skal leiðrétta skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, gera hana skýrari og fullgera hana til að hún taki til allrar notkunar sem er leyfð og uppfyllir ákvæði 6., 7. og 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008.

(⁶) Stjtið. ESB L 119, 4.5.2012, bls. 14.

(⁷) Stjtið. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16.

- 7) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) áður en hún uppfærir skrá Sambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna. Þar eð skrá Sambandsins er breytt til að hún taki til notkunar sem þegar er leyfð í samræmi við tilskipun 94/35/EB, tilskipun 94/36/EB og tilskipun 95/2/EB telst það vera uppfærsla á þeirri skrá sem ólíklegt er talið að hafi áhrif á heilbrigði manna. Af þessum sökum er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.
- 8) Því ber að breyta og leiðrétta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. maí 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Ákvæðum E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslunnar sem varðar „I. flokk“ í matvælaflökki 01.7.1 „Óþroskaður ostur að undanskildum afurðum sem falla undir flokk 16“ komi eftirfarandi:

„I. flokkur	Aukefni		Að undanskildum mozzarella-ost“
„E 300	Askorbínsýra	<i>efir þörfum</i>	Einungis forþökkuð, kæld, óummin aldin og grænmeti, tilbúin til neyslu, og forþakkaðar óunnar og flysjaðar kartöflur
E 301	Natríumaskorbat	<i>efir þörfum</i>	Einungis forþökkuð, kæld, óummin aldin og grænmeti, tilbúin til neyslu, og forþakkaðar óunnar og flysjaðar kartöflur
E 302	Kalsíumaskorbat	<i>efir þörfum</i>	Einungis forþökkuð, kæld, óummin aldin og grænmeti, tilbúin til neyslu, og forþakkaðar óunnar og flysjaðar kartöflur
E 330	Sítrónusýra	<i>efir þörfum</i>	Einungis forþökkuð, kæld, óummin aldin og grænmeti, tilbúin til neyslu, og forþakkaðar óunnar og flysjaðar kartöflur
E 331	Natríumsítröt	<i>efir þörfum</i>	Einungis forþökkuð, kæld, óummin aldin og grænmeti, tilbúin til neyslu, og forþakkaðar óunnar og flysjaðar kartöflur
E 332	Kalíumsítröt	<i>efir þörfum</i>	Einungis forþökkuð, kæld, óummin aldin og grænmeti, tilbúin til neyslu, og forþakkaðar óunnar og flysjaðar kartöflur
E 333	Kalsíumsítröt	<i>efir þörfum</i>	Einungis forþökkuð, kæld, óummin aldin og grænmeti, tilbúin til neyslu, og forþakkaðar óunnar og flysjaðar kartöflur

2) Í stað færslunnar um matvælaaukefni E 300, „askorbínsýra“, E 301, „natríumaskorbat“, E 302, „kalsíumaskorbat“, E 330, „sítrónusýra“, E 331, „natríumsítröt“, E 332, „kalíumsítröt“, og E 333, „kalsíumsítröt“ í matvælaflökki 04.1.2 „Skraeld, skortin og rifin aldin og grænmeti“ komi eftirfarandi:

3) Matvælaflökki 08.2.2 „Hítameðhöndlað unnið kjöt“ er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi færsla um matvælaaukefni E 200–219 bætist við á eftir færslunni um matvælaaukefni E 200–203 „Sorbinsýra — sorböt“:

„E 200–219	Sorbínsýra — sorböt; bensósýra — bensót, p-hydroxybensót	<i>efir þörfum</i>	Einungis yfirborðsmeðferð á þurrkuðum kjötvörum“
		(1) (2)	

- b) Eftirfarandi færsla um matvælaaukefni E 235 bætist við á eftir færslunni um matvælaaukefni E 210–213 „Bensósýra — bensóöt“:

„E 235	Natamýsin	I	(8)	Einungis yfirborðsmeðferð á þurrkuðum, verkuðum pylsum“
--------	-----------	---	-----	---

- c) Eftirfarandi neðanmálsgrein (8) bætist við á eftir neðanmálsgrein (7):

„8): Miðað við mg/dm² yfirborð, (finnst ekki á 5 mm dýpi)“

- 4) Matvælaflokkur 09.2 „Unninn fiskur og lagarfurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr“ er breytt sem hér segir:

- a) Í stað færslunnar um matvælaaukefni E 100, „Kúrkútín“, til notkunar í mauk úr fiski og krabbadýrum, komi eftirfarandi:

„E 100	Kúrkútín	100	(35)	Einungis mauk úr fiski og krabbadýrum“
--------	----------	-----	------	--

- b) Í stað færslunnar um matvælaaukefni E 100, „Kúrkútín“, til notkunar í reykta fisk, komi eftirfarandi:

„E 100	Kúrkútín	100	(37)	Einungis reykta fiskur“
--------	----------	-----	------	-------------------------

- c) Í stað neðanmálsgreina (35), (36) og (37) komi eftirfarandi:

„(35): Að hámarki eitt og sér eða fyrir samsetningu af E 100, E 102, E 120, E 122, E 142, E 151, E 160e, E 161b

(36): Að hámarki eitt og sér eða fyrir samsetningu af E 100, E 102, E 120, E 122, E 129, E 142, E 151, E 160e, E 161b

(37): Að hámarki eitt og sér eða fyrir samsetningu af E 100, E 102, E 120, E 151, E 160e“

- 5) Matvælaflokkur 13.1.4 „Önnur matvæli fyrir smábörm“ er breytt sem hér segir:

- a) Í stað færslunnar um matvælaaukefni E 331, „Natriumsítröt“, E 332, „Kalíumsítröt“, og E 338, „Fosfósýra“ komi eftirfarandi:

„E 331	Natriumsítrat	2000	(43)	
E 332	Kalíumsítröt	<i>eftir þörfum</i>	(43)	
E 338	Fosfósýra		(1) (4) (44)“	

- b) Eftirfarandi neðanmálsgreinar (43) og (44) bætist við:

„(43): E 331 og E 332 eru leyfð sítir í hvoru lagi eða saman og í samræmi við gildin sem sett eru í tilskipunum 2006/141/EB, 2006/125/EB og 1999/21/EB

44): Í samræmi við gildin sem sett eru í tilskipunum 2006/141/EB, 2006/125/EB og 1999/21/EB“

6) Í stað textans í fyrstu línu í matvælafllokki 13.1.5.2 „Sérfræða fyrir ungbörn og smábörn í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í tilskipun 1999/21/EB“ komi eftirfarandi:

„Aukefni í flokkum 13.1.2 og 13.1.3 gilda, að undanskildum E 270, E 333, E 341“

7) Matvælaflökki 14.2.6 „Brenndir drykkir eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 110/2008“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslanna um matvælaaukefni í II. flokki og III. flokki og um matvælaaukefni E 123, „amarant“, og E 150a–d, „karamellubróun litarefni“, komi eftirfarandi:

„II. flokkur	Litarefni efitrjörfum	efitrjörfum	Að undanskildum brenndum drykkjum, eins og skilgreint er í 1. mgr. 5. gr. og söluheitum, sem skráð eru í 1.–14. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008, og brenndum drykkjum (með heiti aldinsins á undan) sem fengnir eru með því að leggja plöntuefni í bleyti og eima síðan afurðina, <i>Geist</i> (ásamt heiti aldinsins eða hráefnisins sem notað er), <i>London Gin</i> , <i>Sambuca</i> , <i>Maraschino</i> , <i>Marrasquino</i> eða <i>Maraskino</i> og <i>Mistrá</i>
III. flokkur	Litarefni með samsett hámarksildi	200	Að undanskildum brenndum drykkjum, eins og skilgreint er í 1. mgr. 5. gr. og söluheitum, sem skráð eru í 1.–14. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008, og brenndum drykkjum (með heiti aldinsins á undan) sem fengnir eru með því að leggja plöntuefni í bleyti og eima síðan afurðina, <i>Geist</i> (ásamt heiti aldinsins eða hráefnisins sem notað er), <i>London Gin</i> , <i>Sambuca</i> , <i>Maraschino</i> , <i>Marrasquino</i> eða <i>Maraskino</i> og <i>Mistrá</i>
E 123	Amarant	30	Að undanskildum brenndum drykkjum, eins og skilgreint er í 1. mgr. 5. gr. og söluheitum, sem skráð eru í 1.–14. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008, og brenndum drykkjum (með heiti aldinsins á undan) sem fengnir eru með því að leggja plöntuefni í bleyti og eima síðan afurðina, <i>Geist</i> (ásamt heiti aldinsins eða hráefnisins sem notað er), <i>London Gin</i> , <i>Sambuca</i> , <i>Maraschino</i> , <i>Marrasquino</i> eða <i>Maraskino</i> og <i>Mistrá</i>
E 150a–d	Karamellubróun litarefni	efitrjörfum	Að undanskildu ávaxtabrennivíni, brenndum drykkjum (með heiti aldinsins á undan) sem fengnir eru með því að leggja plöntuefni í bleyti og eima síðan afurðina, <i>Geist</i> (ásamt heiti aldinsins eða hráefnisins sem notað er), <i>London Gin</i> , <i>Sambuca</i> , <i>Maraschino</i> , <i>Marrasquino</i> eða <i>Maraskino</i> og <i>Mistrá</i> Viski (en. <i>whisky</i> ; <i>whiskey</i>) má einungis innihalda E 150a“

b) Eftirfarandi færslur um matvælaaukefni E 104 og E 110 bættist við á eftir færslunni um III. flokk:

„E 104	Kínólingult	180	(61)	Að undanskildum brenndum drykkjum, eins og skilgreint er í 1. mgr. 5. gr. og söluheitum, sem skráð eru í 1.–14. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008, og brenndum drykkjum (með heiti aldinsins á undan) sem fengnir eru með því að leggja plöntuefni í bleyti og eima síðan afurðina, <i>Geist</i> (ásamt heiti aldinsins eða hráefnisins sem notað er), <i>London Gin</i> , <i>Sambuca</i> , <i>Maraschino</i> , <i>Marrasquino</i> eða <i>Maraskino</i> og <i>Mistrá</i>
E 110	Sólsetursgult FCF/ appelsínugult S	100	(61)	Að undanskildum brenndum drykkjum, eins og skilgreint er í 1. mgr. 5. gr. og söluheitum, sem skráð eru í 1.–14. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008, og brenndum drykkjum (með heiti aldinsins á undan) sem fengnir eru með því að leggja plöntuefni í bleyti og eima síðan afurðina, <i>Geist</i> (ásamt heiti aldinsins eða hráefnisins sem notað er), <i>London Gin</i> , <i>Sambuca</i> , <i>Maraschino</i> , <i>Marrasquino</i> eða <i>Maraskino</i> og <i>Mistrá</i>

c) Eftirfarandi færsla um matvælaaukefni E 124 bætist við á eftir færslunni um matvælaaukefni E 123, „amarant“:

„E 124	Ponseau 4R, kókinífrautt A	170	(61)	Að undanskildum brenndum drykkjum, eins og skilgreint er í 1. mgr. 5. gr. og sölueitum, sem skráð eru í 1.–14. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008, og brenndum drykkjum (með heiti aldinsins á undan) sem fengin eru með því að leggja plöntuefni í bleyti og eima síðan afurðina, <i>Geist</i> (ásamt heiti aldinsins eða hráefnisins sem notað er), <i>London Gin, Sambuca, Maraschino, Marrasquino</i> eða <i>Maraskino</i> og <i>Mistrá</i> “
--------	----------------------------	-----	------	--

d) Eftirfarandi neðammálsgrein (61) bætist við:

„(61): Heildarmagn E 104, E 110, E 124 og litarefna í III. flokki skal ekki fara yfir það hámarks magn sem skráð er fyrir III. flokk“

8) Í matvælaflokki 14.2.7.1 „kryddvin“ falli brott eftirfarandi færsla um matvælaaukefni E 150a–d „karamellubrun lítarefni“:

„E 150a–d	Karamellubrun lítarefni	<i>effir þörfum</i>		Einungis <i>americano, bitter vino</i> “
-----------	-------------------------	---------------------	--	--

9) Í stað færslunnar um matvælaaukefni E 551–559, „Kísildíoxíð — sílíköt“, í matvælaflokki 17.1 „Fæðubótarefni gefin í föstu formi, þ.m.t. hylki og töflur og svipuð form, að undanskildum tyggjanlegum formum“ komi eftirfarandi:

„E 551–559	Kísildíoxíð — sílíköt	<i>effir þörfum</i>		Gildistími: til 31. janúar 2014
E 551–553	Kísildíoxíð — sílíköt	<i>effir þörfum</i>		Gildistími: Frá 1. febrúar 2014“

10) Í stað færslunnar um matvælaaukefni E 551–559, „Kísildíoxíð — sílíköt“, í matvælaflokki 17.2 „Fæðubótarefni gefin í fljólandi formi“ komi eftirfarandi:

„E 551–559	Kísildíoxíð — sílíköt	<i>effir þörfum</i>		Gildistími: til 31. janúar 2014
E 551–553	Kísildíoxíð — sílíköt	<i>effir þörfum</i>		Gildistími: Frá 1. febrúar 2014“

11) Í stað færslunnar um matvælaaukefni E 551–559, „Kísildíoxíð — sílíköt“, í matvælaflokki 17.3 „Fæðubótarefni gefin í formi síróps eða í tyggjanlegu formi“ komi eftirfarandi:

„E 551–559	Kísildíoxíð — sílíköt	<i>effir þörfum</i>		Gildistími: til 31. janúar 2014
E 551–553	Kísildíoxíð — sílíköt	<i>effir þörfum</i>		Gildistími: Frá 1. febrúar 2014“